


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði	
	THG 203	
	Kennsluáætlun haustannar 2010	

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur þjálfun í að lesa og gera uppdrætti af algengum húsgögnum. Þeir teikna hornréttar fallmyndir eftir ákveðnum frummyndum, sniðmyndir, skurði og hlutamyndir þar sem fram koma samsetningar, málsetningar, efnisnotkun, m.m. Komið er inn á algengar útfærslur á húsgögnum, verklýsingar, fagheiti, málvik, teiknitákn m.m. Lögð er áhersla á að þjálfar notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast húsgagnasmíði og teikningu rissmynda við útfærslur deililausna. Fjallað er um framleiðslu húsgagna, framleiðsluferli, tímaáætlanir, gerð efnislista, efnisafföll og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkagna og upplýsinga frá seljendum. Áfanginn er ætlaður húsgagnasmíðum og byggist kennslan fyrst og fremst á verkefnavinnu.

Áfangamarkmið


Nemandi

- þekki uppbyggingu og samsetningar á algengum gerðum húsgagna
 - þekki stöðluð mál á helstu tegundum húsgagna
 - þekki reglur sem gilda um einstakar samsetningar
 - hafi innsýn í tæknilegar útfærslur algengra húsgagna
 - þekki upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og viðhald húsgagna
- geti lesið og unnið með teikningar af húsgögnum
 - þekki gerðir uppdráttar og teikninga og öll almenn teiknitákn
 - þekki fagheiti og skilgreiningar í húsgagnateikningum
 - geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
 - geti lýst framleiðsluferli og gert tímaáætlanir með hliðsjón af teikningu
 - geti gert efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
 - geti yfirfært teikningar í skapalón í mismunandi mælikvörðum
- geti teiknað algeng húsgögn
 - þekki teikniaðferðir og teiknireglur fyrir húsgagnateikningar
 - geti gert frihendisrissmyndir, flatar- og rúmteikningar af húsgögnum
 - geti gert sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af húsgögnum með málvikum

Efnisatriði/kjarnahugtök

Plötuhúsgögn, grindarhúsgögn, plötu- og grindarhúsgögn, sethúsgögn, hillur, skápar, borð, stólar, trésmsetningar, reglur um samsetningar, stöðluð mál á húsgögnum, tæknilegar útfærslur, teiknitákn, fagheiti, skilgreiningar, verklýsingar, framleiðsluferli, tímaáætlanir, efnislisti, kostnaðarútreikningar, afföll, skapalón, teiknistaðlar, blaðstærðir, áritun, mælikvarði, teikniáhöld, rissmyndir, flatarmyndir, rúmmyndir, sniðmyndir, skurðir, hlutamyndir, málvik.

Námsgögn: Upplýsingar frá kennara

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Teikningar og verklýsingar í húsgagnsmíði THG 203 Kennsluáætlun haustannar 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Verkefni og yfirferð: Unnin verkefni í tengslum við PLG 106 OG SET 104. Í byrjun verður aðalverkefni PLG 106 (taflborð) teiknað bæði í höndum og í tölvu og teikningin notuð við smíðina. Mikilvægt er því að teiknvinnan verði á undan smíðinni. Teiknaðir verða stólar, skápar og ýmsar samtengingar timburs. Gerðar verða efnisskýrslur og kostnaðarútreikningar.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Leið 1	Öllum verkefnum annarinnar skilað útprentuðum á A2 blöð og í möppu	100%
Leið 2	Nemandi sem ekki lýkur öllum verkefnum annarinnar tekur lokapróf sem gildir 30% á móti 70% verkefnaskilum á A2 blöðum	

Kennsluáætlun þessa er einnig að finna á <http://www.vma.is/namid/>

Réttur til breytinga áskilinn

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils